

Föstudaginn 12. febrúar 1993.

Nr. 60/1993. **Flugfélagið Ernir hf.**

gegn

**Garðari Guðjónssyni,
Guðlaugu Haraldsdóttur,
Jóni S. Garðarssyni
og Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur.**

Kærumál. Frávísunarúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. janúar 1993, sem móttækin var í Hæstarétti 4. febrúar sama ár. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 18. desember 1992. Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómara var úrskurðurinn ekki afhentur umboðsmanni áfrýjanda fyrr en 12. janúar 1993, en enginn var viðstaddur uppkvaðningu hans af hálfu sóknaraðila.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og kröfur sínar á hendur öllum varnaraðilum verði teknar til efnismeðferðar í héraði. Til vara krefst hann þess, að þar verði efnislega fjallað um kröfur hans gegn varnaraðila Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur.

Af hálfu varnaraðila var ekki sótt þing í héraði, og svo er ekki heldur í Hæstarétti, þótt héraðsdómari hafi sinnt skyldu sinni um að tilkynna þeim um fram komna kæru.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Sóknaraðili mótmælir niðurstöðu héraðsdóms á þeirri forsendu, að stefnandi fyrra málsins, Landsbanki Íslands, hafi einn mátt framfylgja þeim dómi. Þegar sóknaraðili hafi greitt dómkröfuna, hafi hún fallið niður.

Fram er komið, að sóknaraðili hefur að fullu greitt dómskulдина í máli Landsbanka Íslands gegn honum og varnaraðilum ásamt vöxtum og kostnaði. Við það verður þá að miða, að krafa bankans á hendur öllum dómþólum sé niður fallin. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðilum hefur hins vegar ekki verið dæmd, og er honum því rétt að hafa hana uppi í dómsmáli. Ber því að fella hinn

kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á mál þetta.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 18. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 18. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er á skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-97/1992: Flugfélagið Ernir hf. gegn Garðari Guðjónssyni, Guðlaugu Haraldsdóttur, Jóni Sigurði Garðarssyni og Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur, sem tekið var til dóms 9. s. m.

Mál þetta höfðaði Guðmundur Markússon hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Flugfélagsins Ernis hf., kt. 660670-0259, Ísafjarðarflugvelli, hér fyrir dómi á hendur Garðari Guðjónssyni, Guðlaugu Haraldsdóttur, Jóni Sigurði Garðarssyni og Guðrúnu Agnesi Friðþjófsdóttur með stefnu, út gefinni 25. október 1992, sem birt var stefndu öllum innan lögmæltis frests og að öðru leyti í samræmi við ákvæði XIII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu Garðar, Guðlaug og Jón Sigurður verði in solidum dæmd til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.015.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júlí 1992 til greiðsludags. Er þess og krafist, að dráttarvextirnir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. júlí 1993. Gagnvart stefndu Guðrúnu Agnesi er krafist staðfestingar á 1. veðrétti í bifreið hennar, Í-4957, sem er af tegundinni Súbarú 1800, árgerð 1986, með fastnúmeri HR-411, vegna ofangreindrar skuldar samkvæmt veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 750.000 krónur, út gefnu 13. nóvember 1990.

Loks er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu allra samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir stefnukröfu sína á veðskuldabréfi með lánskjaravísitölu, að fjárhæð 750.000 krónur, út gefnu í Reykjavík 13. nóvember 1990 af

stefnda Garðari til stefnanda. Stefndu Guðlaug og Jón Sigurður hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess, en stefnandi síðan framselt skuldabréfið Landsbanka Íslands með sjálfskuldarábyrgð sinni 16. s. m. Skuld þessa hafi borið að greiða með 30 afborgunum á mánaðarfresti, í fyrsta sinn 1. desember s. á. Umsamdir vextir af skuldinni hafi verið hæstu lögleyfðu vextir af sambærilegum skuldabréfum. Stefnandi segir fjórar fyrstu afborganirnar hafa verið greiddar, en eftir það hafi ekki verið greitt af bréfinu og það því verið gjaldfellt 1. apríl 1991. Höfðaði Landsbanki Íslands síðan áskorunarmál á hendur stefndu Garðari, Guðlaugu og Jóni Sigurði auk stefnanda, sem þingfest var í bæjarþingi Reykjavíkur 21. maí 1992, en stefnan var síðan árituð um aðfararhæfi 4. júní s. á. gagnvart stefndu Garðari, Guðlaugu og Jóni Sigurði, en áður hafði stefnandi við þingfestingu málsins gert réttarsátt um greiðslu skuldarinnar. Leysti stefnandi síðan til sín bréfið 2. júlí sl. með greiðslu á 1.015.000 krónum, sem voru eftirstöðvar skuldabréfsins 1. apríl 1992, þ. e. 665.707,90 krónur, auk verðbóta, 5.752,20 króna, áfallinna samningsvaxta, 4.476,40 króna, og bankakostnaðar, 150 króna, alls að viðbættum dráttarvöxtum frá 1. apríl 1992 til 2. júlí 1992, að fjárhæð 212.562 krónur. Þá heyrði og undir greiðslu stefnanda samkvæmt sáttinni greiðsla á málskostnaði, að fjárhæð 101.086 krónur, auk annars kostnaðar, 500 króna, og 24,5% vsk. af þóknunarliðum, alls 24.766 króna. Næmu þessar greiðslur stefnanda til Landsbankans samtals 1.015.000 krónum, sem væri stefnufjárhæð málsins.

Dómkröfur sínar gagnvart stefndu Guðrúnu Agnesi reisir stefnandi hins vegar á því, að hún hafi veðsett áðurgreinda bifreið sína með 1. veðrétti til tryggingar framangreindri skuld, en veðskuldabréfinu hafi síðan verið þinglýst 8. janúar 1991 án athugasemda, og beri því að staðfesta veð stefnanda í bifreiðinni með dómi.

Um lagarök vísar stefnandi til XVII. kafla laga nr. 91/1991 um málsmeðferð og ákvæða skuldabréfsins sjálfs um varnarþing, sbr. 3. tl. 42. gr. téðra laga, svo og til almennra reglna íslensks réttar um fjárskuldbindingargildi viðskiptabréfa og endurkröfur á grundvelli þeirra. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti reisir stefnandi á reglum III. kafla vaxtalaga. Um kröfu vegna málskostnaðar vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Svo sem að framan greinir, er mál þetta höfðað og rekið sem skuldabréfamál á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991. Var af hálfu stefndu ekki sótt þing við þingfestingu þess og málið því dómtekið í sama þinghaldi að kröfu stefnanda. Við nánari athugun dómara hefur hins vegar komið í ljós, að skuldabréfakrafan, sem byggt er á í málinu, hefur þegar verið dæmd að efni til, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 4. júní 1992 í mál-

inu nr. 5436/1992 (áskorunarmál). Verður sama krafa nú ekki borin undir dómstóla að nýju samkvæmt 2. mgr. 116. gr. greindra laga, og ber að vísa málinu frá dómi á grundvelli téðs lagaákvæðis.

Samkvæmt ofangreindum málsúrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðinn kvað upp Jónas Jóhannsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.
